



Samþykkt þann
24. FEB. 2021
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði

SKÝRINGARMYNDIR, HEILD



AFSTÖÐUMYND, MKV. 1:500

N

0 1m 2m 3m 4m 5m 10m

MÆLIKVARÐI 1:100

HELSTU STÆRÐIR:

Brúttóflatir	444,4m2
Brúttórúmmál	1412m3
Lóðarstærð	2265,9m2
Nýtingarhlutfall	0.19

KÓLNUNARTÖLUR U-GILDI:

ÞAK	0.2
ÚTVEGGUR	0.4
BOTNPLATA	0.3
GLUGGAR (KARMAR, GLER VEGIÐ MEÐALTAL, K-GLER)	2.0
HURÐIR	3.0

BYGGINGALÝSING:

Almennt:
Um er að ræða nýbyggingu á einnar hæða raðhúsi með 6 íbúðum og þjónusturými á sameinaðri lóð Stuðlaskarð 2-4 , Hafnarfjörður. Landnúmer 214630 og staðgreinir 1400-1-56600020. Lóð er 2265,9m². Íbúðir eru hannaðar með tilliti til aðgengi fyrir alla.

Byggingarefni:
Mhl 01 er timburhús á steyptri plötu.
Útveggir eru almennt 285mm léttir veggir, einangraðir með 145mm steinull milli 145mm stoða og klæddir 12mm osb plata, 9mm útigifsi (aðeins veggur sem snýr að aðkomugang) öndunardúk(brunaflokkur B,s1-dO) og loftræstri smábáru (standandi) eða cembrit klæðningu, ral 9010 á undirkerfi. Innan eru útveggir með 0,2mm rakasperru, 25mm hljóðdyfiprófíll, 12mm osb plata og 13 gifsplötum.(hljóðkrafa veggja sem snúa að svalagang er R'w >= 44 dB)

Innveggir milli íbúða eru almennt 262mm léttir veggir, 13mm gifs, 12mm spónarplata, 95mm stoðir fyllt með einangrun, 20mm holrými, 95mm stoðir fyllt með einangrun, 12mm spónarplata, 13mm gifs (hljóðkrafa milli íbúða er R'w = 55 dB).

Veggur íbúðar 0104 sem snýr út að aðalinngang er timburgrind og einangraðir með 145mm steinull milli 145mm stoða og klæddir 12mm osb plötu, 2x9mm útigifsi, öndunardúk (brunaflokkur B,s1-dO) og loftræstri smábáru klæðningu (standandi) eða cembrit klæðningu, ral 9010 á undirkerfi. Innan eru útveggurinn með 0,2mm rakasperru, 20mm loftbil, 95mm stoðir fyllt með einangrun, 12mm spónarplata, 13mm gifs (hljóðkrafa milli íbúðar og inngangs er R'w = 55 dB).

Veggir innan íbúðar eru léttir gifsveggir með 70/90mm stoðum fyllt með einangrun og 13mm gifsi/12mm spónaplötu beggja vegna.
Baðherbergisveggir skulu vera með rakavarið plötuefni og vatnsheld yfirborðsefni undir flísum.

Þak er einhalla með tvöföldum þakpappa, 25mm borðaklæðning, 220mm einangrun milli 245mm þaksperra, rakasperru og klætt loftaþiljum á lagngrind. Gólfplötur milli íbúða eru 120mm staðsteyptar plötur. Sökklar og botnplata eru staðsteypt með 100mm einangrun. Sökklar milli íbúða eru slitnir sundur með 20mm steinull. Skjólveggir eru léttir timburveggir klæddir loftræstri álklæðningu eða cembrit.

Svalagangur að íbúðum er með léttu þaki (þakhalli 1:40) klætt tvöföldum þakpappa, einangrun og gataða báru undir skyggni, ral 9005. Bakhlið (austur) er klædd einföldu öryggisgleri. Loftun svalagangs er um 500mm opnun ofan gler og 100mm opnun undir gleri.

Aðallitur hússins er hvítur, ral 9010 með viðarklæðningar að hluta úr bandsóguðu lerki.

Gluggar og útihurðir (hljóðkrafa útihurða er Rw = 43 dB) eru pvc eða tré/ál í svörtum lit Ral 9005 með tvöföldu einangrunargleri. Val glers skal vera skv. RB(31).121.3. Svalagangs gler er einfalt öryggisgler.

Innveggir verða málaðir, en klæddir flísum kringum salerni og sturturými með vatnsþéttu undirlag. Gólf innan íbúða eru klædd harðparketi á herbergjum, stofurými og eldhúsi. Loft innan íbúða eru málaðar loftaþiljur.

Innréttingar eru klæddar með harðplasti. Athuga útfærslur innréttingasökkla ef útfæra á íbúð að kröfum fatlaðra.

Öll lokuð rými verða loftræst skv. ákvæðum byggingarreglugerðar. Öll blautsvæði verða með gólfniðurfalli skv. ákvæðum byggingarreglugerðar. Kólnunartölur byggingarhluta og allt byggingarefni - og hlutar í húsið skuli standast kröfur byggingareglugerðar 112/2012, staðla og gæðavottanir.

Póstlúga er staðsett við hverja íbúð í svalagang. Hjóla- og vagnageymsla er í góðum tengslum við íbúðir. Sorp er við enda lóðar í sameiginlegu ruslaíláti. Stétt við inngang er upphituð. Möguleg útigeymsla yrði óeinangruð timburbygging með einhalla þaki (1:40 þakhalli) með tvöföldum þakpappa.

Upphitun, loftræsing og lagnaleiðir:
Upphitun er með ofnum, Vélræn loftræsing verður í öllum lokuðum rýmum , annars um opnanleg fög. Inntaks- og tæknirými er í geymslu. Hitaspírall er settur í svalagang og helstu gönguleiða að íbúðum frá bílastæðum.

Rafbúnaður:
Byggingin er búin hefðbundnum smá- og lágspennukerfum.

Notkun:
Um er að ræða húsnæði ætlað 6 manna hópi, einn einstaklingur í hverri íbúð. Íbúar eru ungt fólk sem allt er með Downs heilkenni, sem ekki hafa skerta hreyfigetu né skynfæra skerðing eins og t.d heyrnarskerðingu. Starfsmaður þjónustar íbúa í íbúðum, starfsmannarými er aðeins hugsað fyrir snyrtingu og skrifstofuhald forstöðumanns. Æætlað er að það verði næturvakt í upphafi til að skapa öryggi fyrir íbúa.

Aðkoma:
Gert er ráð fyrir 7 bílastæðum á lóð, þar af eru eitt fyrir þjónustubirfreið 4,5mx8m. Fjöldi bílastæða á lóð miðast við núverandi notkun hússins, ef breyting verður á notkun þess td. íbúðir verða seldar á almennan markað skal fjöldi bílastæða vera í samræmi við almennar reglur um bílastæðafjölda við íbúðarhús og samræmi við gildandi deiliskipulag. Gæta skal að hámarks hindrunarhæð 25mm við hurðir frá bílastæðum að íbúðum (þröskuldum, o.sfrv.). Yfirborð utandyra göngusvæga skal hafa nægilegan vatnshalla. Gera skal ráð fyrir ídráttarrörí vegna mögulegrar hleðslu rafbíla við bílastæði. Aðkoma slökkviliðs er frá Stuðlaskarði.

Frágangur lóðar:
Bílastæði og gönguvegur er með bundið slitlag (malbik, hellur eða steypt), garðrými er tyrft eða sáð. Setja skal lágróður í beð framan hús. Frágangur á lóðarmörkum aftan hús skulu vera í samráði við aðliggjandi lóðarhafa.
Útfærsla landhalla aftan hús þarf að vera unnin í samráði við verkfræðing, yfirborð verður torf eða sáð.

BRUNAVARNIR
Eftirfarandi brunahönnun og brunavarnalýsing er gerð af Brunahönnun slf (mál nr. 19-222) í desember 2020 fyrir Stuðlaskarð 2 - 4, Hafnarfirði. Til grundvallar lausnum brunavarna er byggingarreglugerð nr. 112/2012 og 350/2013 með síðari breytingum, grein 9.2.2. liður b.
Ekki er um að ræða frekari brunavarnaskýrslu.

Flokkun og notkun byggingar
Byggingin verður í notkunarflokki 5 skv. byggingarreglugerð en um er ræða íbúðir fyrir fatlaða einstaklinga sem geta bjargað sér sjálfir út í bruna. Vaktherbergi er í húsinu.

Brunahólfun
Byggingin er eitt meginbrunahólf, um 450 m2, en skiptist í a.m.k. átta brunahólf.
Hver íbúð er sér brunahólf með REI90 veggjum á milli íbúða sem ná upp í ystu þakklæðningu.
Þak verður a.m.k. REI30.

Burðarvirki
Brunamótstaða aðalburðarvirkja í brunahólfandi veggjum er a.m.k. R90.
Önnur aðalburðarvirkl eru a.m.k. R60.
Brunamótstaða burðarvirkis þaks er a.m.k. R60.

Klæðningar
Klæðningar verða skv. ÍST EN 13501.
Innanhúsklæðningar verða í flokki 1 (K10 B,s1-dO).
Utanhúsklæðningar og klæðning að útigangi eru í flokki A (álklæðning).
Klæðning að loftbili er OSB. Gipsrenningar (9 mm og a.m.k. 50 sm breiðir) verða á lóðréttum skilum milli íbúða til að hindra lárétta eldúbreiðslu.
Hluti útveggjaklæðningar er í flokki 2 (K10 D,s2-dO) sem er í samræmi við gr. 9.7.3 í byggingarreglugerð.
Vindvörn utan á OSB verður í flokki B,s1-dO.
Þakklæðningar eru í flokki B(roof) (t2).

Flóttaleiðir
Tvær óháðar flóttaleiðir eru frá íbúðum, inn á útigang og út og beint út.
Auk þess er BO á hverju svefnherbergi og vaktherbergi.
Flóttahurðir frá útigangi skulu búnar neyðarhúnum.

Brunaviðvörunarkerfi
Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi verður í öllu húsinu skv. ÍST EN 54 og reglum HMS. Stjórnstöð og yfirlitsmynd er í vaktherbergi við inngang. Kerfið verður tengt viðurkennndri vaktstöð. Kerfið verður hannað með hliðsjón af algildri hönnun, t.d. með blikkljósum.

Loftræsikerfi
Hver íbúð verður loftræst með sér loftræsikerfi og því ekki þörf á brunatæknilegum ráðstöfunum í loftræsikerfi.

Reyklosun
Frávik og rökstuðningur: Reykræsing útigangs er um 10 sm op niðri við gólf og 50 sm upp við loft sem telst fullnægjandi reykræsing fyrir útigang og hindrar eldsútbreiðslu milli íbúða um útigang skv. áður gerðum reykræsiútreikningum.
Reykræsing að öðru leyti er almennt um glugga og hurðir.

Slökkvitæki
Gert er ráð fyrir einu handslökkvitæki í anddyri hverjar íbúðar og einu í vaktherbergi, t.d. 6 L léttvatn en 5 kg kolsýra við aðalrafmagnstöflu.
Slökkvitæki skulu vera skv. ÍST EN 3.

Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing er skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Neyðarlýsing skv. „flóttaleiðum" (1 lux) verður í útigangi og 0,5 lux í vaktherbergi.
Útljós verða við alla útganga hússins.

Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa
Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins
(brunaviðvörunarkerfi, handvirkum slökkvibúnaði og út- og neyðarlýsingu.
Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir Stuðlaskarð 2 - 4.

ÚTG. DAGS. TEIKN.SKÝRING / BREYTING SAMÞ. DAGS.

5/5
24.02.2021

Digitally signed by Gudnar H Kristjansson
DN: cn=Gunnar H Kristjansson gn=Gunnar H Kristjansson c=IS Iceland IMS Iceland o=Brunahönnun slf. e=brunahonnun@bruna honnun.com
Reason: I am the author of this document
Location:
Date: 2021-02-23 14:35Z

BRUNAHÖNNUN

MKV. 1:100	11.10.2020	Íbúðarhúsnæði -Stuðlaskarð 2, Hafnarfirði — 301-01
		HÖNNUN: JSE
		Jón Stefán Einarsson kt.270976-3609 fai
A2	AÐALUPPDRÁTTUR	AFSTÖÐUMYND, BYGGINGARLÝSING

JeES arkitektar